



# Skólaráðsfundur

**Dagsetning:** 9. október 2017

*Fundarmenn: Kristinn skólastjóri, Guðrún Björg og Aron Óttar fulltrúar foreldra, Ólafía Rósbjörg og Helga Eyja fulltrúar kennara, Hulda S. fulltrúi annars starfsfólks skólans, Kristín Sara og Nicolas Leó fulltrúar nemenda.*

## **1. Skólabyrjun**

Skólastjóri setti fund og bauð alla velkomna, farið var yfir hlutverk hvers og eins. Það voru 411 nemendur sem hófu nám í Hvaleyrarskóla í haust um er að ræða nokkra fjölgun frá síðast skólaári.

Allir nemendur fengu námsgögn endurgjaldslaut í haust.

Í haust var flutt deild frá Lækjarskóla til Hvaleyrarskóla fyrir börn er óskað hafa alþjóðlegrar verndar Bjarg. Fer sú starfsemi vel af stað, þar eru 2 kennarar ásamt deildarstjóra í hálfri stöðu.

Umræða varð um Vinaliðaverkefnið. Mjög gott verkefni sem þarf að byrja fyrr á haustin.

Búið er að auglýsa eftir umsjónarmanni fasteigna sem hefur aðsetur í skólanum en sér einnig um smáviðhald á leikskólum á Holtinu.

Búið er að afhenda kennurum í unglingadeild Ipada og afhenda á nemendum í unglingadeild Ipada þegar líður á haustið.

## **2. Framkvæmdir í sumar**

Framkvæmdir voru á skólalóðinni í sumar, bætt var við leiktækjum og undirlag leiktækja lagað. Ásamt því að máluð voru leiksvæði á skólalóðina.

Innanhúss var búið til kennslrými fyrir nýja deild Bjarg, gluggar á austurhlíð voru yfirfarnir og kýttaðir upp á nýtt. Ásamt málun og minna viðhaldi.

Skólaráð lýsir yfir áhyggjum að börnum sem stunda það að fara upp á þak skólans á kvöldin, rætt var hvernig hægt væri að fyrirbyggja það.

Ósk kom um að hægt væri að bæði stækka fótboltavöll og sem batta/spítur í kringum völlinn. Fulltrúar foreldrafélagsins lögðu til að sækja á bæinn að sett yrði Skólahreystibraut upp við Hvaleyrarskóla.

## **3. Skólanámskrá**

Skólastjóri fór fyrir uppfærða skólanámskrá og það verklag sem unnið var eftir. Einnig er búið að uppfæra hæfniviðmið í Mentor til samræmis við skólanámskrána. Í lokin staðfesti skólaráð með undirskrift sinni Skólanámskrá Hvaleyrarskóla 2017-2018.

## **4. Önnur mál**

Fram kom hjá nemendum að þau sem eru í Skólahreystivali fá að æfa hjá Reebook fitness, skoða á hvort ekki sé hægt að fjölga tímum þegar nær dregur keppni.

Eitthvað var um að bílum væri ekið inn að körfuboltavelli í sumar. Skólastjóri tók að sér að hafa samband við Fasteignafélagið til að setja upp hindrun inn á völlinn.

Nemendur í 10. bekk ætla að selja skólapeysur fljótlega og eru þær í hönnun. Einnig verða nemendur í 10. bekk með kökusölu á viðtalsdaginn 11. október.

Fundi slitið kl. 16:00

Samantekt skráðu: Hulda Sigríður Salómons dóttir og Kristinn Guðlaugsson.